

Alþingi
b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 14.11.2014
nr. erindis 201410222/50.13 jbh

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um um breytingu á vegalögum

Bæjarráð óskaði á 1186. fundi sínum þann 30. október 2104 eftir umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs vegna frumvarps Alþingis um breytingar á vegalögum nr. 80/2007. Umsögnin er hér meðfylgjandi.

Gerð er breyting á skilgreiningu héraðsvegur í 8. grein fyrrgreindra laga. Þar sem nú er gerð krafa um að héraðsvegur þurfi að vera staðfestur í skipulagi. Ennfremur er nú sett sú kvöð að landeigandi skuli kosta og vera veghaldari síðustu 50 m héraðsvegur. Í eldri lögum er eingöngu talað um að héraðsvegur endi 50 m frá krikjustað, skóla o.s.frv. Þetta gæti haft breytingar í för með sér á vegum í Mosfellsdal til dæmis hvað varðar Laxnessveg, Helgadalsveg, Mosfellsveg og fleiri vegi sem Vegagerðin hefur þjónustað með heflun og öðru viðhaldi. Orðalagsbreyting 8. gr. mun einnig hafa það í för með sér að fleiri vegir falla af þjóðvegaskrá en nú þegar er orðið. Í 9.gr. laganna er tekið út orðið þéttbýli sem væntanlega er til þess að gera ríkinu kleift að afhenda sveitarfélögum fleiri vegi. Í skýringum með lagafrumvarpinu (6.gr.) kemur fram sá misskilningur að ekki er gert ráð fyrir að í yfirfærslu héraðsvega felist kostnaður fyrir sveitarfélögin og að sveitarfélög hafi til þessa ekki tekið við héraðsvegum og því hafi Vegagerðin allan borið kostnað af rekstri þessara vega.

Minna verður á að Vegagerðin afhenti sveitarfélaginu einhliða talsverðan fjölda héraðsvega til Mosfellsbæjar fyrir nokkrum árum síðan án þess að samið væri um þá afhendingu með formlegum hætti. Þannig voru vegir afhentir í afleitu ástandi og án þess að þeim fylgdi fjárveiting frá ríkinu um rekstur. Ríkið hefði við þetta tækifæri átt að lagfæra þennan óréttláta gjörning með mörkun tekna til handa sveitarfélögum eða lagfæringu umræddra vega vegna afhendingar þeirra til sveitarfélaga. Í stað þess er haldið áfram á þeirri löglausu braut að eyða mörkuðum tekjum olíugjalda og skatta sem eiga að fara í vegagerð og samgangna til annarra málaflokka. Ríkið ætti því fremur að skoða það að endurskipuleggja Vegagerðina eða stofnunina niður í núverandi formi þar sem starfsemin er lítil og í raun óviðunandi á höfuðborgarsvæðinu þar sem þjóðvegakerfið er þéttast og umferðarþyngst.

Í ljósi ofangreinds leggur undirrituð til að ítrekað verði við innanríkisráðuneytið að yfirfærsla héraðsvega geti ekki gengið áfram með þeim einhliða og gerræðislega hætti sem verið hefur hingað til og verið er að opna frekar á með frumvarpi til breytinga á núgildandi vegalögum.

Virðingarfyllt,
Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs